



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

19. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 15. mars 2021 kl. 20,15 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu stjórnin Árni Eiríksson formaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Lántaka vegna framkvæmda. Þar sem framlög ríkisins hafa ekki öll borist og ekki heldur endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu vegna framkvæmda við Búðarstíg 22 ákveður stjórn safnsins að auka yfirdráttarheimild tímabundið á aðalreikning safnsins svo að hægt sé að ljúka framkvæmdum. Endurgreiddur virðisaukaskattur sem gæti numið 11 milljónum króna og 10 milljón króna framlag ríkisins 2021 berast á árinu. Yfirdráttarheimildin mun lækka eftir því sem þessar upphæðir verða greiddar. Svo er að vænta lokaframlags ríkissjóðs á árinu 2022. Stjórn safnsins skrifaði upp á heimild safnstjóra til lántöku með tryggingu í Búðarstíg 22.
2. Ársreikningur 2020. Lagður var fram Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2020 gerður af KPMG endurskoðun. Farið var yfir ársreikninginn en undirritun bíður næsta fundar.
3. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2020. Ársskýrsla vegna ársins 2020 var lögð fram til kynningar og umræðu.
4. Fjárfestingaráætlun til næstu fimm ára. Rætt var um form og tilgang fjárfestingaráætlunarinnar. Verður tekin fyrir á næsta fundi.
5. Fjárhagsleg staða. Yfirlit er væntanlegt þegar febrúar hefur verið bókaður og verður þá send stjórn til upplýsingar.
6. Starfsemin. Safnstjóri sagði frá starfinu síðan í desember. Faglegir starfsmenn safnsins hafa unnið að skráningu og Ragnildur safnvörður að mótun fræðslustefnu fyrir safnið. Töluverður tími safnstjóra hefur farið í samskipti við byggingastjóra vegna framkvæmda við Búðarstíg 22. Haldin var skólasýning á þorra í borðstofu, framundan er að setja upp páskasýningu með gömlum ljósmyndum frá Eyrarbakka og undirbúningur er hafinn að gerð sumarsýningar sem opnar 11. júní. Safnstjóri er byrjaður að ráða í sumarstörf. Þegar framkvæmdum lýkur við Búðarstíg 22 og búið að virkja öryggiskerfið hefjast flutningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 21,00.

Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson